

OFBELDISMENN Á ÍSLANDI

*Ofbeldismenn kynferðisofbeldis –
Greining á gögnum Stígamóta*



Stígamót 2023

Ritstjórn:

Tölfræðivinnsla og texti í tölfræðihluta:

Anna Þóra Kristinsdóttir

Texti í textahluta:

Drífa Snædal

Hjálmar Gunnar Sigmarsson

Prófarkalestur:

Drífa Snædal

Svandís Anna Sigurðardóttir

Umbrot og prentun:

Prentmet Oddi

Útgefið í október 2023



Kynbundið og kynferðislegt ofbeldi verður ekki upprætt fyrr en gerendur hætta að beita ofbeldi. Það er eina leiðin til framtíðar og til að fólk, aðallega konur og stúlkur, geti verið öruggar í sínu daglega lífi. Síðustu áratugi hefur verið lögð gríðarleg áhersla á aðstoð við brotþola ofbeldis, hvernig hægt er að vinna úr áföllum og aðstoða fólk við að takast á við afleiðingar ofbeldisbrota. Við erum orðin töluvert flink í því eftir áratuga reynslu. Það er líka gott og gilt en er ekki leiðin til að koma í veg fyrir ofbeldi.

Ofbeldi karla gegn konum er heimsfaraldur, Alþjóða heilbrigðisstofnunin áætlar að um þriðjungur kvenna í heiminum verði fyrir ofbeldi af hendi karla í nánnum samböndum og hér á landi sýnir áfallasaga kvenna að um 40% kvenna hafi orðið fyrir ofbeldi. Þetta vitum við um konur en það er minna vitað um þá sem beita ofbeldinu, þær rannsóknir eru færri. Það sem við vitum er að það eru ekki fáir karlar sem bera ábyrgð á öllu þessu ofbeldi. Ef 40% kvenna á Íslandi verða fyrir ofbeldi eru gerendur á Íslandi fjölmargir. Það er kominn tími til að beina kastljósinu að þeim, reyna að skilja hverjir þetta séu og af hverju þeir beita ofbeldi. Þannig og bara þannig er hægt að sveigja samfélagslegu viðmiðin í þá átt að það sé ekki ásættanlegt að beita ofbeldi; að uppræta kvenfyrirlitningu og nauðgunarmenningu.

Þær niðurstöður sem við kynnum hér eru unnar uppúr gögnum sem Stígamót hafa safnað saman um það ofbeldi sem notendur þjónustu okkar hafa orðið fyrir. Við höfum um árabíl spurt um ofbeldismennina, hverjir þeir séu og hvernig þeir hafi til dæmis brugðist við þegar þeir eru gerðir ábyrgir fyrir ofbeldinu. Skýrslan er framlag Stígamóta til umræðunnar um hverjir séu ofbeldismenn og af hverju þeir beiti ofbeldi.

Drífa Snædal, talskona Stígamóta

Efnisyfirlit

Af hverju að safna gögnum um ofbeldismenn?	5
Ofbeldismenn brotaþola sem leitað hafa til Stígamóta	8
1. Bakgrunnsupplýsingar um ofbeldismenn sem beita kynferðisofbeldi .	11
2. Ofbeldið sem ofbeldismenn beittu brotaþola	13
3. Var kynferðisofbeldið rætt við ofbeldismanninn?.....	14
4. Voru ofbeldismenn kærðir til yfirvalda?.....	15
5. Hverjir beita stafrænu kynferðisofbeldi?.....	16
6. Samanburður á einstaklingum sem beita kynferðisofbeldi, skipt eftir kyni þeirra	17
7. Samanburður á einstaklingum sem beita kynferðisofbeldi, skipt eftir aldri þeirra.....	19
Hvað get ég gert?.....	21
1. Að breyta skaðlegri menningu.....	21
2. Að gera ofbeldismenn ábyrga	22
3. Að axla ábyrgð á eigin ofbeldi	23
Rannsóknir og lesefni um ofbeldismenn	24

Afhverju að safna gögnum um ofbeldismenn?

Áherslubreyting

Umræðan um kynbundið- og kynferðisofbeldi hefur aukist mikið undanfarin ár, en áherslan á hverjir beita ofbeldinu er ekki mjög áberandi. Til þess að ná lengra í baráttunni gegn ofbeldi og þá ekki síst til að breyta viðhorfum, þurfum við sem samfélag að tala um þá sem beita ofbeldinu. Leiðin til þess er meðal annars að safna og greina gögn um þá sem beita ofbeldi. Þannig er hægt að kortleggja ofbeldismenn, birtingarmyndir ofbeldisins og þá ofbeldismenningu sem við erum að glíma við.

Undanfarna áratugi hefur rannsóknnum um ofbeldismenn kynferðisofbeldis og kynbundins ofbeldis fjölgað. Í viðhengi er að finna yfirlit yfir ýmsar rannsóknir sem og samtök sem vinna að slíkum rannsóknnum. Það skortir hinsvegar heildaryfirsýn í flestum löndum, lítið gert til að safna skipulega gögnum um ofbeldismenn og þætti sem ýta undir ofbeldismenningu (Flood o.fl. 2022). Hér verður vitnað í ástralska skýrslu frá 2022: *Who uses domestic, family, and sexual violence, how, and why?*, til að varpa enn betur ljósi á af hverju það er mikilvægt að safna gögnum, greina þau og kortleggja.

Forvarnargildi gagnasöfnunar og greiningar

Skortur á traustum og áreiðanlegum upplýsingum um ofbeldi takmarkar getu okkar til að koma í veg fyrir og draga úr ofbeldi á áhrifaríkan hátt. Það er nauðsynlegt að setja þá sem beita ofbeldi í brennidepil í viðleitni okkar til að koma í veg fyrir og draga úr kynbundnu- og kynferðisofbeldi.

Mikilvægustu verkfærin til að draga úr ofbeldi eru að:

1. afla gagna og þekkingar um ofbeldismenn og birtingarmyndir ofbeldis,
2. beina áherslum að því að koma í veg fyrir ofbeldi, með því að skoða ofbeldismenn og algengustu forsendurnar sem leiða til ofbeldis,
3. fara í heildræna endurskoðun á því hvernig tekist er á við ofbeldi í samfélaginu, þ.e. að setja megináherslu á ofbeldismenn í stefnumótun og samfélagsumræðu.

Næstu skref er að greina hvar við erum stödd, t.d. hvaða upplýsingar eru til og hvaða upplýsingar vantar alfarið. Með þessu er hægt að stuðla að því að gera ofbeldismenn sýnilegri. Þá er hægt að fá skýrari mynd um kynbundið- og kynferðislegt ofbeldi, draga úr brotapolaskömmun, gera ofbeldismenn ábyrga, bera kennsl á félagslegar aðstæður sem hvetja til ofbeldis ásamt því að breyta þessum aðstæðum til að draga úr ofbeldinu.

Mun minna er til af rannsóknnum um þá sem beita ofbeldi en um brotþola ofbeldisins. Skortur á traustum og áreiðanlegum upplýsingum um ofbeldi takmarkar getu okkar til að koma í veg fyrir og draga úr því á áhrifaríkan hátt. Það skortir fræðilegar rannsóknir, og markvissa gagnaöflun stofnana og samtaka. Þar á meðal má nefna gögn úr dómskerfinu, heilbrigðiskerfinu, menntakerfinu, frá barnavernd og félagsþjónustu. Við þurfum fleiri rannsóknir sem varpa ekki bara ljósi á tíðni ofbeldis og fjölda

ofbeldismanna, heldur dýpka skilning á þeim þáttum sem hjálpa til við að koma í veg fyrir og takmarka ofbeldi, gera snemm-tæka íhlutun mögulega og auðvelda vinnu með gerendum til að hætta að beita ofbeldi.

Það sem við vitum um ofbeldismenn

Þrátt fyrir fjölda rannsókna út um allan heim hefur hvorki tekist að einangra persónuleika einkenni né lífsreynslu sem leiði til þess að einstaklingur nauðgar eða beiti öðru kynferðisofbeldi: Ofbeldismenn eru allavega.

Í fræðigreinum og rannsóknum um kynbundið- og kynferðisofbeldi er ítrekað staðfest að það er að mestu framið af körlum, hvort sem rannsökuð eru gögn frá brotapolum, úr réttarkerfum eða könnunum. Karlar eru líklegri til að beita ofbeldi yfir höfuð en einkum kynferðisofbeldi og ofbeldi í nánnum samböndum. Einstaklingar sem beita einni tegund ofbeldis eru líklegir til að beita annars konar ofbeldi.

Rannsóknir hafa meðal annars sýnt fram á að:

- Ofbeldismenn eru líklegri til að beita kynferðisofbeldi í samfélögum þar sem kynferðisofbeldi er refsilaus glæpur eða takmörkuð refsing.
- Ofbeldismenn eru ólíkir, engir tveir eru eins, engin dæmigerð típa eða prófill.
- Ofbeldismenn gera lítið úr ofbeldinu sem þeir beita.
- Ofbeldismenn réttlæta hegðun sína auðveldlega.

Karlar sem beita kynferðisofbeldi eru líklegri en aðrir til að:

- Taka undir ranghugmyndir um nauðganir
- Örvast kynferðislega við að horfa á kynferðisofbeldi
- Neyta kláms
- Beita konur valdi/stjórnun
- Vera áberandi karlrembur
- Hafa staðlaðar og gamaldags hugmyndir og viðhorf til kvenna
- Vera í hópi jafnaldra sem styðja staðlaðar og úrehtar hugmyndir um kynlíf og ofbeldi
- Hafa orðið vitni af eða upplifað ofbeldi í æsku
- Hafa þolað róttækar breytingar á persónulegum aðstæðum
- Njóta aðgengis að vopnum

Það er sem sagt ekkert einfalt svar við því hverjir beita ofbeldi og gegn hverjum. Þess vegna skiptir það miklu máli að safna og greina gögn til að sjá hvaða mynstur eru ríkjandi og hafa í huga samhengið, ólíka aldurshópa, umhverfi og aðstæður.

Ungir ofbeldismenn

Fullorðnir gerendur kynferðisofbeldis byrja að beita ofbeldi sem ungmenni eða ungir menn. Flestir sem beita kynferðisofbeldi á unga aldri munu halda því áfram, sérstaklega ef þeir þurfa ekki að taka afleiðingum gjörða sinna. Rannsóknir á meðal karlkyns háskólanema, t.d. í Bretlandi og Bandaríkjunum hafa varpað ljósi á ákveðið mynstur. Um fjórði hver karlkyns nemandi í bandarískum háskólum hefur beitt kynferðisofbeldi (Spencer o.fl., 2022). Breska rannsóknin, *Understanding Sexual Aggression in UK Male University Students* (Hales & Gannon, 2021), varpar ljósi á sterk tengsl á milli skaðlegra karlmennsku-hugmynda og kynferðisofbeldis. Þátttakendur sem sögðust hafa framið brot viðurkenndu einnig kvenfyrirlitningu, ranghugmyndir um kynferðisofbeldi og eitruð viðhorf til kynlífs og skaðleg samskipti við konur. Slík viðhorf og hugmyndir komu ekki fram hjá þátttakendum rannsóknarinnar sem greindu ekki frá því að hafa beitt kynferðisofbeldi.

Rannsóknir sem þessar undirstrika mikilvægi þess að háskólar auki áherslu á að láta gerendur axla ábyrgð auk þess að veita brotapolum stuðning til að takast á við afleiðingar kynferðisofbeldis. Nauðsynlegt er að takast snemma á við ýmsar birtingamyndir kynferðisofbeldis meðal ungs fólks, greina hættumerki og bregðast við, meðal annars með forvörnum í grunn- og framhaldsskólum. Þetta felur í sér alhliða fræðslu um virðingu og mörk í samskiptum og samböndum, kynlífsfræðslu, ásamt inngripum sem miða að forvörnum á framhaldsskólastigi og háskólastigi. Samhliða þessu þarf einnig að vinna með þeim sem eru þegar að beita ofbeldi eða eiga á hættu að beita ofbeldi.

Ofbeldi gerist ekki í tómarúmi. Einstaklingar beita ofbeldi vegna þess að þeir hafa lært að það er eðlilegt eða ásættanlegt að haga sér með þvingandi eða ofbeldisfullum hætti. Það er hinsvegar ekki eitthvað eitt sem skapar umhverfi sem réttlætir ofbeldi og gerir lítið úr afleiðingum þess. Breytingar á kerfum og menningu eru nauðsynlegar til að draga úr hættunni á ofbeldi. Ofbeldisforvarnir hafa hingað til oft beinst að einstaklingum, en aðgerðir sem takast á

við ofbeldi sem kerfisbundinn samfélagsvanda eru næsta skref í forvörnum. Breytingar á viðhorfum og hegðun einstaklinga er ólíklegra til að leiða til viðtækari og varanlegra breytinga ef ekki er tekist á við samfélagslega þætti.

Gagnasöfnun um ofbeldismenn

Til viðbótar við yfirgrípsmeiri gagnasöfnun um kynbundið- og kynferðisofbeldi mælum við með:

1. Reglulegum marktækum könnunum á ofbeldi í nánum samböndum og kynferðisofbeldi. Til að fá nákvæmari hugmynd um tíðni og tegund ofbeldis og áhrif aðgerða gegn ofbeldi.
2. Fleiri rannsóknum um eðli ofbeldis, ofbeldis- aðferðum og hvötum til ofbeldishegðunar.
3. Nýtingu fjölbreyttra aðferða til viðbótar við kannanir og meginlegar rannsóknir. Mikilvægt að gera langtíma, eigindlegar og blandaðar rannsóknir á mismunandi ofbeldismönnum og ólíkum birtingarmyndum ofbeldis.
4. Rannsóknum á mismunandi hópum einstaklinga sem beita ofbeldi.
5. Þróun rannsókna sem varpa ljósi á forvarnir og hvernig hægt er að koma í veg fyrir að einstaklingar beiti ofbeldi.

6. Rannsóknum sem skoða ólíka félagslega hópa og ofbeldishegðun, eins og hverfi, samfélög og stofnanir, og sambönd þar á milli.
7. Rannsóknum á hvort og hvernig samfélagslegir þættir og breytingar (t.d. krísur, faraldrar, umhverfislys, hamfarir og átök) hafa áhrif á beitingu og tíðni ofbeldis.

Heimildir:

- Flood, M., Brown, C., Dembele, L., and Mills, K. (2022). *Who uses domestic, family, and sexual violence, how, and why? The State of Knowledge Report on Violence Perpetration*. Brisbane: Queensland University of Technology.
- Hales, S. T., & Gannon, T. A. (2022). Understanding Sexual Aggression in UK Male University Students: An Empirical Assessment of Prevalence and Psychological Risk Factors. *Sexual Abuse*, 34(6).
- Spencer, C.M., et al. (2022). Risk Markers for Male Perpetration of Sexual Assault on College Campuses: A Meta-Analysis. *Trauma, violence & abuse*. 24.

Ofbeldismenn brotaþola sem leitað hafa til Stígamóta

Helstu niðurstöður:

- Langflestir ofbeldismanna eru íslenskir karlar og yfir helmingur ofbeldismanna var á aldrinum 18 til 39 ára þegar þeir beittu brotaþola kynferðisofbeldi.
- Meirihluti ofbeldismanna voru tengdir þeim sem þeir brutu á fjölskylduböndum eða voru vinir og kunningjar þeirra.
- Ofbeldismenn gerðu oft eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldinu sem þeir beittu. Um 43% ofbeldismanna unnu sér inn traust brotaþola og um 32% þeirra byggði upp tilfinningaleg tengsl.
- Lágur hlutfall brotaþola höfðu rætt við ofbeldismann um kynferðisofbeldið sem þeir beittu þá. Í um helmingi tilfella, þar sem brotaþoli hafði rætt ofbeldið við ofbeldismanninn og greint frá því hvernig ofbeldismaður brást við, kenndi ofbeldismaður brotaþola um ofbeldið eða hafnaði því alfarið.
- Meðalaldur brotaþola sem ræddu kynferðisofbeldið við ofbeldismann var lægri borið saman við meðalaldur brotaþola sem höfðu ekki rætt kynferðisofbeldið við ofbeldismann.
- Fáir ofbeldismenn voru kærðir til lögreglu. Enn færri fengu dóm á hærri dómstigum.

- Meirihluti ofbeldismenn sem beitti stafrænu kynferðisofbeldi voru makar, fyrrverandi makar, vinir eða kunningjar þeirra sem þeir brutu á.
- Munur er á því ofbeldi sem karlar og konur beita. Hærra hlutfall þeirra kvenna sem skráðar eru gerendur eru líklegri til að hafa beitt sífjaspelli eða kynferðislegri áreitni borið saman við sambærilegt hlutfall karla.
- Munur var á aðferðum ofbeldismanna af ólíkum kynjum. Hærra hlutfall karla sem beittu kynferðisofbeldi gáfu brotapolu gjafir borið saman við konur sem beittu kynferðisofbeldi.
- Munur er á því ofbeldi sem ofbeldismenn á ólíkum aldri beittu. Hærra hlutfall ofbeldismanna sem voru 18 ára eða eldri nauðgaði borið saman við sambærileg hlutföll ofbeldismanna í yngri aldurshópum. Hærra hlutfall ofbeldismanna sem voru 13 ára eða yngri beittu sífjaspelli eða kynferðislegri áreitni borið saman við sambærileg hlutföll í eldri aldurshópum. Hærra hlutfall ofbeldismanna á aldrinum 14 til 17 ára gerðu tilraun til nauðgunar borið saman við sambærilegt hlutfall hinna hópanna.
- Eftir því sem ofbeldismenn eru eldri eru meiri líkur á að þeir gefi gjafir eða veiti aðgang að hlutum, beiti líkamlegu ofbeldi eða kenna brotapolum um samanborið við yngri ofbeldismenn.¹
- Yngri ofbeldismenn eru líklegri til að nota hótanir samanborið við þá sem eldri eru.
- Vitað er að 18,5% ofbeldismanna hafa beitt aðra en brotapolu kynferðisofbeldi.
- Kynferðisofbeldi hefur áhrif á aðstandendur ofbeldismanna. Í rúmlega helmingi tilfella hafði kynferðisofbeldið gert samskipti aðstandanda ofbeldismanns og ofbeldismanns sjálfs erfiðari.²

1 Það er ekki greint nánar frá þessu atriði í þessari skýrslu, en hægt er að fá frekari upplýsingar um þetta hjá starfsfólki Stígamóta.

2 Það er ekki greint nánar frá þessu atriði í þessari skýrslu, en hægt er að fá frekari upplýsingar um þetta hjá starfsfólki Stígamóta.

Inngangur

Hér fyrir neðan er samantekt sem Anna Þóra Kristinsdóttir sálfræðingur og ráðgjafi á Stígamótum vann úr tölfraeðigögnum

Stígamóta en gögnum er safnað í fyrsta viðtali þegar brotapolí leitar til Stígamóta.

Ítarlegri greiningu á tölfraeðigögnum um ofbeldismenn sem beita brotapóla kynferðisofbeldi má nálgast hjá Stígamótum. Tilgangur samantektarinnar er að gera þá einstaklinga sem beita kynferðisofbeldi sýnilegri í umræðunni og fá yfirsýn yfir hverjir þeir eru.

Gögn sem notuð eru

Þegar brotapolar kynferðisofbeldis mæta í fyrsta ráðgjafarviðtal sitt á Stígamótum eru þeir beðnir um að fylla út spurningalista um ofbeldismennina sem beittu þá kynferðisofbeldinu (einum spurningalista er svarað fyrir hvern ofbeldismann sem beitti viðkomandi kynferðisofbeldi). Þessum gögnum hefur verið safnað frá stofnun Stígamóta en í þessari samantekt eru notuð gögn um ofbeldismenn sem safnað var árin 2013-2021.

Á tímabilinu sem er til skoðunar leituðu 3.118 brotapolar kynferðisofbeldis til Stígamóta í fyrsta skipti, og fylltu út spurningalista um 4.968 ofbeldismenn, sem sagt í mörgum tilvikum var um fleiri en einn ofbeldismann að ræða.

Öll gögnin sem notuð eru í samantektinni eru ópersónugreinanleg og ekki hægt að rekja svör til einstakra þátttakenda.

Annmarkar samantektar

Misjafnt er hversu vel spurningalistarnir eru fylltir út. Það stafar af því að brotapolar höfðu mismiklar upplýsingar um ofbeldismennina, einhverjir svöruðu honum ekki og aðrir slepptu úr spurningum og í einhverjum tilvikum voru engar upplýsingar um ofbeldismenn til staðar.

Í samantektinni eru skoðaðar þær upplýsingar sem má fá úr spurningalistunum. Þar sem brotapolar kynferðisofbeldis fylla sjálfir út upplýsingar um þá ofbeldismenn sem beittu þá kynferðisofbeldi, koma upplýsingarnar ekki frá ofbeldismönnum sjálfum.

Við lestur og túlkun á tölum um ofbeldismenn er mikilvægt að taka það fram að sami einstaklingurinn er stundum beittur kynferðisofbeldi af fleiri en einum ofbeldismanni á lífsleiðinni. Einnig getur það gerst að

sami ofbeldismaðurinn beiti fleiri en einn einstakling sem kemur til Stígamóta kynferðisofbeldi. Því getur það verið að ofbeldismenn séu taldir oftar en einu sinni í gögnunum í þessari samantekt.

Þess ber að geta að spurningalistar sem lagðir hafa verið fyrir brotapóla hafa breyst á tímabilinu 2013 til 2021 að því leyti að spurningum hefur verið bætt við og einhverjar teknar út. Í þessari samantekt eru notaðar þær spurningar sem ekki hafa breyst yfir þetta tiltekna tímabil til að hægt sé að bera alla þátttakendur saman. Árið 2018 voru hins vegar nokkrum nýjum spurningum bætt við spurningalistann. Til að skoða þessar spurningar sérstaklega er í einhverjum tilvikum í samantektinni notuð gögn um ofbeldismenn sem safnað var á árunum 2018 til 2021. Greint er sérstaklega frá því frá hvaða tímabili gögn eru hverju sinni.


Niðurstöðurnar skiptast í eftirfarandi kafla:

1. Bakgrunnsupplýsingar um ofbeldismenn sem beita kynferðisofbeldi
2. Ofbeldið sem ofbeldismenn beittu brotapóla
3. Var kynferðisofbeldið rætt við ofbeldismanninn?
4. Voru ofbeldismenn kærðir til yfirvalda?
5. Hverjir beita stafrænu kynferðisofbeldi?
6. Samanburður á einstaklingum sem beita kynferðisofbeldi, skipt eftir kyni þeirra
7. Samanburður á einstaklingum sem beita kynferðisofbeldi, skipt eftir aldri þeirra


1. Bakgrunnsupplýsingar um ofbeldismenn sem beita kynferðisofbeldi³

Tölur og hlutföll í köflum 1-4 hér fyrir neðan miðast við fjölda ofbeldismanna sem brotapolar hafa svarað spurningalistum um á tímabilinu 2013 til 2021, (að undanskilinni töflu 3 í kafla 2, en þar er þess nánar getið í texta).

Eins og sést á myndum 1 og 2 voru langflestir ofbeldismanna karlar (94,4%) og flestir þeirra voru íslenskir (77,5%).



Mynd 1. Kyn ofbeldismanna



Mynd 2. Þjóðerni ofbeldismanna


„Hann sagðist vera svo vanur því að sofa hjá öllum stelpum þannig hann afsakaði áreiði.“⁴

Yfir helmingur ofbeldismanna var á aldrinum 18 til 39 ára þegar þeir beittu brotapolu kynferðisofbeldi í fyrsta skipti (51,6%). Um 31% ofbeldismanna voru í sambandi, sambúð eða hjúskap þegar þeir beittu ofbeldinu (sjá töflu 1).

Tafla 1. Ofbeldismenn,skipt eftir aldri og hjúskaparstöðu		
	Allir ofbeldismenn	
	%	N
Aldur ofbeldismanna þegar þeir beittu brotapolu kynferðislegu ofbeldi í fyrsta skipti	(n=4.968)	
10 ára eða yngri	1,8%	90
11-13 ára	3,5%	172
14-17 ára	14,2%	703
18-29 ára	37,7%	1.874
30-39 ára	13,9%	692
40-49 ára	7,0%	347
50-59 ára	3,3%	163
60-69 ára	1,6%	81
70-79 ára	0,4%	20
80 ára og eldri	0,1%	7
Upplýsingar vantar	16,5%	819
Hjúskaparstaða ofbeldismanna	(n=4.968)	
Var barn og á því ekki við	10,6%	527
Einhleypur	27,9%	1.386
Í sambandi	10,7%	531
Í sambandi/hjúskap	20,3%	1.009
Fráskilinn/slitið sambúð	1,5%	76
Ekkja/ekkill	0,4%	19
Ekki viss/upplýsingar vantar	28,6%	1.420

³ Skilgreiningar á kynferðisofbeldi sem koma fram í þessari skýrslu er að finna í ársskýrslum Stígamóta.

⁴ Þetta er dæmi um viðbrögð ofbeldismanna sem brotapolar, sem höfðu rætt kynferðisofbeldið við ofbeldismanninn, skráðu í ofbeldismannaskýrslu (í skýrslunni er að finna samtals 9 slíkar tilvitnanir).



Mynd 3. Ofbeldismenn, skipt eftir því hvernig þeir tengjast þeim sem þeir beittu kynferðisofbeldi

Mynd 3 sýnir tengsl einstaklinga sem beittir hafa verið ofbeldi við ofbeldismennina. Athygli vekur að aðeins 16,6% ofbeldismanna voru ókunnugir þeim sem þeir beittu ofbeldinu og 70,5% ofbeldismannanna voru tengdir þeim sem þeir brutu á fjölskylduböndum eða voru vínir og kunningjar þeirra. Goðsögnin um að einstaklingum stafi mest hættu af kynferðisofbeldi af hendi ókunnugra fær því ekki staðist.

„Honum fannst það sem gerðist sjálfsagt.“

2. Ofbeldið sem ofbeldismenn beittu brotþola⁵

Tafla 2. Ofbeldi sem ofbeldismenn beittu brotþola		
	Ofbeldismenn	
	%	N
Kynferðisofbeldi sem ofbeldismaður beitti brotþola	(n=4.968)	
Nauðgun	52,9%	2.628
Nauðgunartilraun	8,1%	403
Kynferðisleg áreitni	21,6%	1.071
Misnotkun tengd klámi	3,0%	150
Sifjaspell	25,0%	1.241
Þvingunaraðferðir sem ofbeldismaður notaði þegar hann beitti brotþola kynferðisofbeldi	(n=4.968)	
Hótanir	20,6%	1.025
Líkamsmeiðingar	18,7%	927
Ofsóknir/umsátur	7,6%	377
Beiting vopna/áhalda	3,4%	168
Hvað gerði ofbeldismaður til að tryggja þögn brotþola?	(n=4.968)	
Gaf gjafir/mútaði	6,8%	336
Notaði hótanir	15,2%	754
Kenndi brotþola um ofbeldið (notaði skómm, sektarkennd)	13,7%	683
Beitti líkamlegu ofbeldi	7,7%	383
Gerði ekkert sérstakt	48,3%	2.400
Hefur ofbeldismaður beitt aðra en brotþola, kynferðisofbeldi?	(n=4.968)	
Ofbeldismaður hefur ekki beitt aðra ofbeldi	2,6%	129
Ofbeldismaður hefur beitt aðra ofbeldi	18,5%	919
Óvíst er hvort ofbeldismaður hefur beitt aðra kynferðisofbeldi	78,9%	3.920

Tafla 2 sýnir ofbeldið sem ofbeldismenn beittu brotþola. Upplýsingar um hvaða kynferðisofbeldi var beitt vantaði fyrir 25 ofbeldismenn (0,5%). Hæsta hlutfall ofbeldismanna beittu brotþola nauðgunum (52,9%), annað hæsta hlutfall ofbeldismanna beittu sifjaspellum (25%) og þriðja hæsta hlutfall ofbeldismanna beittu kynferðislegri áreitni (21,6%). Tafla 2 sýnir einnig hvaða þvingunaraðferðum ofbeldismenn beittu. Upplýsingar um hvaða þvingunaraðferðum var beitt vantaði fyrir 842 ofbeldismenn (16,9%).

Um 20,6% ofbeldismanna beittu hótunum og 18,7% beittu líkamsmeiðingum. Taflan sýnir einnig hvað ofbeldismenn gerðu til að tryggja þögn brotþola. Upplýsingar um hvað ofbeldismenn gerðu til að tryggja þögn vantaði fyrir 297 ofbeldismenn (6%). Hæsta hlutfall ofbeldismanna eða tæplega helmingur gerði ekkert sérstakt til að tryggja þögn brotþola. Brotþolar greindu frá því að þeir vissu að 18,5% ofbeldismanna hafi beitt aðra kynferðisofbeldi.

„Hann baðst afsökunar á framkomu sinni en mundi samt ekkert.“


Tafla 3. Gerði ofbeldismaður eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldinu fyrir, á meðan eða eftir að ofbeldið átti sér stað?		
	Ofbeldismenn sem beittu kynferðisofbeldi	
	%	N
	(n=2.316)	
Vann sér inn traust	42,8%	992
Byggði upp tilfinningaleg tengsl	31,6%	732
Gerði ekkert sérstakt	30,6%	708
Gaf gjafir	10,6%	245
Veitti aðgang að hlutum sem ég annars hafði ekki aðgang að	8,6%	199

Tafla 3 sýnir hvað ofbeldismenn gerðu til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldinu sem þeir beittu. Ekki var byrjað að spyrja þessarar spurningar í spurningalistum um ofbeldismenn fyrr en árið 2018, þess vegna sýnir taflan einungis upplýsingar um þá 2.316 ofbeldismenn sem upplýsingar eru til um á árunum 2018 til 2021. Upplýsingar um hvað ofbeldismenn gerðu til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldinu vantaði hjá 127 ofbeldismönnum (5,5%). Hæsta hlutfall ofbeldismanna vann sér inn traust brotþola (42,8%) og næst hæsta hlutfall byggði upp tilfinningaleg tengsl (31,6%). Af þessu má sjá að ofbeldismenn hafa oft gert eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda því ofbeldi sem þeir beita (þetta er oft nefnt "grooming" á ensku).

„Hann gerði lítið úr þessu, þetta hafi verið kynlíf.“

⁵ Rétt er að taka það fram að á Stígarnótum lítum við svo á að kynferðisofbeldi sé alltaf og alfarið á ábyrgð þeirra sem beita því.

3. Var kynferðisofbeldið rætt við ofbeldismanninn?



Mynd 4. Ofbeldismönnum skipt eftir því hvort brotápoli sem þeir beittu kynferðisofbeldi hafi rætt ofbeldið við þá


Fáir brotápolar ræddu við ofbeldismenn um ofbeldið sem þeir beittu þá (18,5%) (sjá mynd 4). Svör lágu fyrir um viðbrögð 737 ofbeldismanna þar sem brotápoli hafði rætt ofbeldið. Mynd 5 sýnir að í 50,8% tilvika, þar sem brotápoli hafði rætt ofbeldið við ofbeldismanninn og gefið svar við því hvernig ofbeldismaður brást við, kenndi ofbeldismaður brotápoli um ofbeldið eða hafnaði því alfarið.

Meðalaldur brotápoli sem ræddu kynferðisofbeldið við ofbeldismann var tæp 30 ár.

Meðalaldur brotápoli sem ræddu ekki um kynferðisofbeldið var 32 ár.

Aukin umræða, þekking og #metoo bylgjur síðastliðinna ára hafa ýtt undir að fólk á öllum aldri og þá sérstaklega yngra fólk tjái sig um kynferðisofbeldi sem þau hafa verið beitt.

Af þeim brotápolum sem höfðu rætt kynferðisofbeldið við ofbeldismanninn, þá voru í kringum 70 brotápolur sem greindu sérstaklega frá því hvernig ofbeldismaðurinn brást við. Viðbrögðin eru mjög fjölbreytt en yfirgnæfandi meirihluti viðurkenndi ekki ofbeldið og sumir reyndu að réttlæta ofbeldið og jafnvel segja að þetta hafi verið eðlilegt. Þá voru nokkrir sem hlógu og gerðu grín. Aðrir reyndu að draga verulega úr ofbeldinu. Fáir viðurkenndu ofbeldið í einhverri mynd,



Mynd 5. Ofbeldismenn þar sem brotápolur höfðu rætt ofbeldið við, skipt eftir því hver viðbrögð ofbeldismanna voru

Marktækur munur var á meðalaldri brotápoli (þegar þeir leituðu til Stígamóta á árunum 2013 til 2021), skipt eftir hvort þeir hefðu rætt ofbeldið við ofbeldismann (sjá nánar niðurstöður marktektarprófs í viðauka 1). Meðalaldur brotápoli sem ræddu kynferðisofbeldið við ofbeldismann var 29,75 ár. Meðalaldur brotápoli sem ræddu ekki um kynferðisofbeldið var 32,01 ár. Meðalaldur brotápoli sem ræddu kynferðisofbeldið við ofbeldismann var því lægri borið saman við meðalaldur brotápoli sem ræddu ekki kynferðisofbeldið við ofbeldismann. Þessar niðurstöður gefa vísbendingu um að yngri brotápolur séu líklegri til að ræða kynferðisofbeldið borið saman við eldri brotápoli.

viðurkenndu sumt, en sumir af þeim drógu samt úr því eða drógu seinna til baka viðurkenninguna. Það voru aðeins tvö dæmi um að ofbeldismaðurinn lofaði að beita ekki ofbeldi eða bæta sig, í hvorugu tilvikinu stóðst það. Einhver dæmi eru um að ofbeldismaðurinn reiddist og önnur um að hann sagði brotápolann vera erfiðan. Einhverjir spurðu af hverju væri verið að nefna þetta á þessum tímapunkti. Aðeins örfáir ofbeldismenn báðust afsökunar og einn brotápoli tók það fram að sáttum hafi verið náð. Það voru nokkur dæmi þar sem ofbeldismaðurinn brotnaði niður og í einu tilviki taldi brotápoli sig þurfa að hugga hann. Nokkrir ofbeldismenn komu af fjöllum en mest áberandi mynstrið sem kom upp var að þeir sögðust ekki muna og nokkrir töluðu um að þetta hafi verið mis- skilningur.

4. Voru ofbeldismenn kærðir til yfirvalda?

Tafla 4. Ofbeldismenn, skipt eftir því hvort brotþoli hafi kært ofbeldismann til lögreglu og ef svo var, hvernig var dæmt í málinu á hærri dómstigi		
	Ofbeldismenn	
	%	N
Var ofbeldismaður kærður til lögreglu?	(n=4.968)	
Var ekki kærður til lögreglu	81,6%	4.055
Var kærður til lögreglu	10,5%	522
Upplýsingar vantar	7,9%	391
Var ofbeldismaður ákærður?	(n=522)	
Ofbeldismaður var ekki ákærður	6,5%	34
Ofbeldismaður var ákærður	27,8%	145
Málið var fellt niður	29,3%	153
Málið er í vinnslu	31,4%	164
Ekki viss	5,0%	26
Hvernig var dæmt í héraðsdómi?	(n=145)	
Dómur ekki fallinn	5,5%	8
Sýknun	20,0%	29
Skilorð	19,3%	28
Fangelsi	42,8%	62
Ekki viss	12,4%	18
Hvernig var dæmt í hæstarétti/ landsrétti?	(n=119)	
Ekki vísað til hæstaréttar	32,8%	39
Dómur ekki fallinn	2,5%	3
Sami dómur	5,0%	6
Sýknun	6,7%	8
Héraðsdómur lækkaður	1,7%	2
Héraðsdómur hækkaður	2,5%	3
Ekki viss	48,7%	58

Af öllum þeim málum sem bárust til Stígamóta í gegnum brotþola á árunum 2013 til 2021, voru 10,5% kærð til lögreglu. Mikill meirihluti mála er því ekki kærður til lögreglu.

Ljóst er samkvæmt töflu 4 að lítil hluti þeirra kynferðisofbeldismála sem þó eru kærð til lögreglu enda með dómi á æðri dómstigi.

„Hún hafði ekki hugmynd um að hún hefði gert eitthvað rangt og kom svo mjög illa fram við mig.“

„Hann lét fyrst eins og hann vissi ekki hvað ég var að tala um, sagðist svo halda að ég var ok með það.“

5. Hverjir beita stafrænu kynferðis- ofbeldi?


Tafla 5. Ofbeldismenn sem beita stafrænu kynferðisofbeldi, skipt eftir kyni, aldri og tengslum þeirra við brotaþola sem þeir beittu kynferðisofbeldi		
	Ofbeldismenn sem beittu stafrænu kynferðisofbeldi	
	%	N
Kyn ofbeldismanna	(n=108)	
Karl	92,6%	100
Kona	7,4%	8
Aldur ofbeldismanna þegar þeir beittu brotaþola kynferðisofbeldi í fyrsta skipti	(n=108)	
11-13 ára	0,9%	1
14-17 ára	16,7%	18
18-29 ára	42,6%	46
30-39 ára	19,4%	21
40-49 ára	6,5%	7
50-59 ára	5,6%	6
60-69 ára	0,9%	1
Upplýsingar vantar	7,4%	8
Aldur brotaþola þegar ofbeldismaður beitti stafrænu ofbeldi í fyrsta skipti	(n=108)	
17 ára eða yngri	49,1%	53
18 ára eða eldri	50,9%	55
Tengsl ofbeldismanna við brotaþola	(n=108)	
Maki eða fyrrverandi maki	38,9%	42
Faðir/stjúpfaðir	0,9%	1
Frændi	1,9%	2
Gift(ur) inni fjölskylduna	1,9%	2
Fjölskylduvinur	0,9%	1
Vinur/kunningi	30,6%	33
Umsjónaraðili utan fjölskyldunnar	0,9%	1
Yfirmaður	1,9%	2
Önnur tengsl	3,7%	4
Ókunnugur	18,5%	20

Tölur og hlutföll í kafla 5 hér fyrir neðan miðast við þá 108 ofbeldismenn sem beittu stafrænu kynferðisofbeldi á tímabilinu 2018 til 2021.

Stafrænt kynferðisofbeldi skilgreinum við sem *kynferðisofbeldi þar sem einhver birtir, dreifir eða geymir eða hótar að birta, dreifa eða geyma texta og/eða myndefni; til dæmis ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilegt efni þar sem manneskja er sýnd nakin eða á kynferðislegan hátt, gegn vilja hennar*. Tafla 5 sýnir að langflestir ofbeldismenn sem beita stafrænu kynferðisofbeldi eru karlar (92,6%). Rúmlega helmingur ofbeldismanna var á aldrinum 18 til 39 ára þegar þeir beittu brotaþola stafrænu kynferðisofbeldi í fyrsta skipti (62%). Um helmingur ofbeldismanna sem beittu stafrænu kynferðisofbeldi, beittu brotaþola sem voru 17 ára eða yngri ofbeldi og yfir helmingur þeirra beittu brotaþola sem voru 18 ára eða eldri ofbeldi. Hæsta hlutfall ofbeldismanna sem beittu stafrænu kynferðisofbeldi voru makar eða fyrrverandi makar eða vinir þeirra eða kunningjar brotaþola (69,4%).

Upplýsingar um hvað ofbeldismenn gerðu til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldinu vantaði hjá þremur ofbeldismönnum (2,8%). Mynd 6 sýnir að hæsta hlutfall ofbeldismanna vann sér inn traust brotaþola (56,5%) og næst hæsta hlutfall byggði upp tilfinningaleg tengsl (45,4%). Af þessu má sjá að ofbeldismenn sem beita stafrænu kynferðisofbeldi hafa oft gert eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda því ofbeldi sem þeir beita.

„Hann réttlætti ofbeldið með að kenna öðrum um t.d. mömmu og samfélaginu.“



Mynd 6. Gerði ofbeldismaður eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda stafrænu kynferðisofbeldinu fyrir, á meðan eða eftir að ofbeldið átti sér stað

6. Samanburður á einstaklingum sem beita kynferðisofbeldi, skipt eftir kyni þeirra

Tafla 6. Ofbeldismenn kynferðisofbeldis, skipt eftir kyni þeirra og því ofbeldi sem þeir beittu brotþola að undanskyldu kynferðisofbeldinu				
	Karlkyns ofbeldismenn		Kvenkyns ofbeldismenn	
	%	N	%	N
Gerði ofbeldismaður eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldinu fyrir, á meðan eða eftir að ofbeldið átti sér stað?	(n=2.095)		(n=92)	
Vann sér inn traust	45,5%	954	39,1%	36
Byggði upp tilfinningaleg tengsl	33,3%	697	37,0%	34
Gerði ekkert sérstakt	32,2%	675	35,9%	33
Gaf gjafir*	11,5%	241	3,3%	3
Veitti aðgang að hlutum sem ég annars hafði ekki aðgang að	9,3%	195	4,3%	4
Þvinganir sem ofbeldismaður notaði við beitingu kynferðisofbeldis?	(n=2.069)		(n=92)	
Hótanir	22,9%	473	20,7%	19
Líkamsmeiðingar	23,0%	476	18,5%	17
Andlegt ofbeldi	34,6%	715	42,4%	39
Beiting vopna/áhalda	4,2%	86	3,3%	3
Ofsóknir/umsátur	8,3%	172	10,9%	10
Hvað gerði ofbeldismaður til að tryggja þögn brotþola?	(n=2.108)		(n=97)	
Gerði ekkert sérstakt	51,9%	1.094	51,5%	50
Gaf gjafir/mútaði	7,0%	147	2,1%	2
Notaði hótanir	16,3%	343	9,3%	9
Beitti líkamlegu ofbeldi	7,9%	166	7,2%	7
Kenndi brotþola um ofbeldið (notaði skömm, sektarkennd)	15,1%	318	11,3%	11


*P < 0,05; **P < 0,01; *** P < 0,001.

Tölur og hlutföll í þessum kafla miðast við fjölda ofbeldismanna á tímabilinu 2013 til 2021 (að undanskilinni töflu 6).

Vegna smæðar þess hóps ofbeldismanna sem skilgreindi kyn sitt á annan hátt en karl eða kona (aðeins 1 ofbeldismaður) var greining á þeim hópi ekki hafður með í samanburði í kafla 6.

Í töflu 6 og mynd 7 er skoðað hvort marktækur munur væri milli karla sem beittu kynferðisofbeldi og kvenna sem beittu kynferðisofbeldi (sjá nánari niðurstöður marktektarprófa í viðauka 2).

Við lestur og túlkun myndar 7 er mikilvægt að hafa í huga að fjöldi kvenofbeldismanna var 221 en fjöldi karlofbeldismanna var 4.687. Niðurstöður sýndu marktækan mun milli hópanna varðandi nauðgun. Karlar sem beita kynferðisofbeldi eru líklegri til að nauðga en konur sem beita kynferðisofbeldi. Rúmlega helmingur karlkyns ofbeldismanna beittu nauðgunum en aðeins í kringum þriðjungur kvenkyns ofbeldismanna. Niðurstöður sýndu einnig marktækan mun milli hópanna í beitingu sifjaspells. Kvenkyns gerendur eru hlutfallslega líklegri til að beita sifjaspelli en karlkyns gerendur. Niðurstöður sýndu einnig marktækan mun milli hópanna varðandi kynferðislega áreitni, en hlutfallslega hærra hlutfall kvenkyns ofbeldismanna beittu kynferðislegri áreitni borið saman við karlkyns ofbeldismenn. Þar sem fyrst var byrjað að safna upplýsingum um hvort ofbeldismaður gerði eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldið árið 2018 þá inniheldur tafla 6 einungis upplýsingar um þá ofbeldismenn sem fylltir voru út spurningalistar fyrir árin 2018 til 2021.




Mynd 7. Ofbeldismenn kynferðisofbeldis, skipt eftir kyni og tegund kynferðisofbeldis sem þeir beittu brotþola

Niðurstöður sýndu aðeins marktækan mun milli hópanna eftir því hvort ofbeldismaður gaf gjafir. Um 11% karla sem beittu ofbeldi gáfu gjafir, en aðeins um 3% kvenna sem beittu ofbeldi. Athyglisvert er að skoða töfluna frekar þó ekki hafi verið um annan marktækan mun að ræða. Hærra hlutfall karla sem beittu kynferðisofbeldi hafið unnið sér inn traust og veitt aðgang að hlutum sem brotaþoli hafði ekki aðgang að borið saman við hlutfall kvenna sem beittu kynferðisofbeldi. Einnig hafði hærra hlutfall karla sem beittu kynferðisofbeldi notað hótanir, líkamsmeiðingar, beitt vopnum/áhöldum eða kennt brotaþola um ofbeldið borið saman við sambærileg hlutföll kvenna sem beitti kynferðisofbeldi. Hærra hlutfall kvenna sem beittu kynferðisofbeldi byggðu upp tilfinningaleg tengsl, notuðu andlegt ofbeldi eða ofsóknir/umsátur borið saman við sambærileg hlutföll karla sem beittu kynferðisofbeldi.

„Hann byrjaði að rífa sig niður, það endaði með því að ég þurfti að hugga hann.“

„Hann spurði: Afhverju ertu að koma núna og ræða þetta við mig eftir svona langan tíma?“



Mynd 8. Ofbeldismenn kynferðisofbeldis, skipt eftir kyni og tegund kynferðisofbeldis sem þeir beittu brotþola

7. Samanburður á einstaklingum sem beita kynferðisofbeldi, skipt eftir aldri þeirra

Tölur og hlutföll í mynd 8 miðast við fjölda ofbeldismanna á tímabilinu 2013 til 2021.

Athygli vekur að fjöldi ofbeldismanna sem voru 14 til 17 ára þegar þeir beittu brotþola fyrst kynferðisofbeldi voru 703 af þeim 4.968 ofbeldismönnum sem upplýsingar voru til um eða um 14%. Ofbeldismenn sem voru 13 ára eða yngri þegar þeir beittu brotþola fyrst kynferðisofbeldi voru 262 eða um 5% allra ofbeldismanna og ofbeldismenn sem voru 18 ára eða eldri voru 3.184 eða um 64% allra ofbeldismanna. Langflestir ofbeldismanna, í öllum aldurshópum, eru karlar eða um yfir 90% í öllum tilvikum.

Í mynd 8 var skoðað hvort marktækur munur væri milli ofbeldismanna eftir aldri þeirra og því ofbeldi sem þeir beittu (sjá nánari niðurstöður marktektarprófa í viðauka 3).

Mynd 8. sýnir fjölda ofbeldismanna þegar upplýsingar lágu bæði fyrir um aldur þeirra og það kynferðisofbeldi sem þeir beittu brotþola. Niðurstöður sýndu marktækan mun milli hópanna þegar nauðgun er annars vegar. Meirihluti ofbeldismanna sem voru 18 ára eða eldri nauðguðu en minna en helmingur yngri ofbeldismanna. Niðurstöður sýndu einnig marktækan mun milli hópanna þegar kemur að sifjaspelli. Meirihluti ofbeldismanna sem voru 13 ára eða yngri beittu sifjaspelli en um þriðjungur eða lægra hlutfall ofbeldismanna í eldri aldurshópum. Niðurstöður sýndu einnig marktækan mun milli hópanna varðandi kynferðislega áreitni. Hærra hlutfall ofbeldismanna sem voru 13 ára eða yngri beittu kynferðislegri áreitni, en lægra hlutfall ofbeldismanna í eldri aldurshópum. Niðurstöður sýndu einnig marktækan mun milli hópanna í nauðgunartil

raunum. Hærra hlutfall ofbeldismanna sem voru 14 til 17 ára gerðu tilraun til nauðgunar, borið saman við sambærilegt hlutfall hinna hópanna.

Samandregið má segja að ofbeldismenn sem náð hafa fullorðinsaldri eru líklegri til að nauðga en þeir sem yngri eru.

Viðauki 1

Til að meta hvort marktækur munur væri á meðalaldri brotþola þegar þeir leituðu til Stígamóta var notað óháð t-próf (independent sample t-test). Marktækur munur var á milli hópanna hvað varðar aldur brotþola og hvort brotþolar ræddu við ofbeldismann um ofbeldið ($t(1494,75) = 5,22; p \approx 0,000$).

Viðauki 2

Til að meta hvort marktækur munur væri á körlum og konum sem beittu kynferðisofbeldi (sjá töflu 6 og mynd 7) var notað kí-kvaðrat próf (χ^2). Hér verður einungis greint frá niðurstöðum þar sem marktækur munur kom fram en ekki ef marktækur munur kom ekki fram.

Í mynd 7 kom fram marktækur munur milli ofbeldismanna sem beittu eftirfarandi kynferðisofbeldis:

- Nauðgun ($\chi^2(1, N=4.908) = 38,74, p \approx 0,000$).
- Sifjaspell ($\chi^2(1, N=4.908) = 18,19, p \approx 0,000$).
- Kynferðisleg áreitni ($\chi^2(1, N=4.908) = 5,34, p = 0,02$).

Í töflu 6 kom fram marktækur munur milli ofbeldismanna sem gáfu gjafir til að undirbúa og/eða viðhalda ofbeldinu ($\chi^2(1, N=2.187) = 5,24, p = 0,022$).

Viðauki 3

Í mynd 8 var ákveðið að skoða hvort marktækur munur væri milli eftirfarandi hópa ofbeldismanna sem beittu kynferðisofbeldi: Ofbeldismenn sem voru 13 ára eða yngri, ofbeldismenn sem voru 14 til 17 ára og ofbeldismenn sem voru 18 ára eða eldri. Til að meta hvort marktækur munur var notað kí-kvaðrat próf (χ^2). Hér verður einungis greint frá niðurstöðum þar sem marktækur munur kom fram en ekki ef marktækur munur kom ekki fram.

Í mynd 8 kom fram marktækur munur milli ofangreindra ofbeldismanna í beitingu eftirfarandi kynferðisofbeldis:

- Nauðgun ($\chi^2(2, N=4.146) = 229,3, p \approx 0,000$).
- Sifjaspell ($\chi^2(2, N=4.146) = 392,38, p \approx 0,000$).
- Kynferðisleg áreitni ($\chi^2(2, N=4.146) = 6,22, p = 0,04$).
- Nauðgunartilraun ($\chi^2(2, N=4.146) = 12,41, p = 0,002$).

Hvað get ég gert?

Við þurfum öll að takast á við þá menningu sem gerir lítið úr ábyrgð ofbeldismanna. Við þurfum að skoða á gagnrýnan máta hvaða gildi, viðmið og viðbrögð liggja til grundvallar þegar við bregðumst við umræðu um kynferðisofbeldi, hverjar eru tilhneigingar okkar þegar við heyrum af broti þar sem við þekkjum gerandann? Höfum við tilhneigingu til að draga úr alvarleika ofbeldis og svo framvegis.

Á Stígamótum leggjum við áherslu á að öll þjónusta fyrir brotþola og umræða um kynferðisofbeldi sé brotþolavæn. Hluti af því er að undirstrika að það eru ofbeldismenn sem bera ábyrgð á kynferðisofbeldi, ekki brotþolar.

Þessi kafli er hugsaður til að styðja við aukna umræðu um ofbeldismenn. Hér hefur verið safnað saman fjölbreyttum upplýsingum og spurningum sem geta hjálpað til við að opna á umræðuna á ólíkum vettvangi; í fjölskyldum og vinahópum, á vinnustöðum og allskonar félagsskap. Tekið er saman hvað er hægt að gera til þess að vinna gegn kynbundnu ofbeldi, nánar tiltekið hvað við getum öll gert til þess að skapa ábyrgðamenningu í okkar daglega lífi, það er menningu þar sem er ekki bara sjálfgefið að styðja við brotþola, heldur þar sem ofbeldismenn eru kallaðir til ábyrgðar og þeir aðstoðaðir við að axla ábyrgð.

Gögnin eru þau sömu og starfsfólk Stígamóta styðjast við á námskeiðum og í ráðgjöf til þeirra sem vilja leggja sitt á vogaskálarnar að breyta menningu.

Úrræði fyrir ofbeldismenn:

- Barnahús: <https://www.bofs.is/urraedi/barnahus/>
- Sjúktspjall: <https://sjukast.is/sjuktspjall/>
- Heimilisfriður: <https://heimilisfridur.is/>
- Taktu Skrefið: <https://taktuskrefid.is/Stigamot/bjoda> uppá ráðgjöf og stuðning fyrir aðstandendur ofbeldismanna; www.stigamot.is

Við mælum með þessu ítarefni í meðferð ofbeldismanna:

- Hidden Water Circles: <https://hiddenwatercircle.org/purple>
- Work with perpetrators European network: <https://www.work-with-perpetrators.eu/>

Að breyta skaðlegri menningu

Ofbeldi þrífst í skjóli menningar sem lætur ofbeldi átölulaust og jafnvel styður það. Til að gera sér grein fyrir umræðunni og menningunni má velta fyrir sér hvað einkenni umræðuna um ofbeldismenn og hvort eitthvað hafi breyst undanfarin ár. Við þekkjum flest fólk sem hefur orðið fyrir ofbeldi en það fer minna fyrir þeim sem bera ábyrgð á því þó tölfraeðin sýni að við þekkjum flest eða öll einhverja sem beita ofbeldi. Algeng viðbrögð þegar umræða um kynferðisofbeldi kemur upp er að fara í vörn fyrir þann sem beitir ofbeldi, efast um að ofbeldið hafi gerst eða að það hafi verið jafn alvarlegt og lýsingar brotþola bera með sér.

Til að takast á við gerenda- og ofbeldismenningu er mikilvægast að trúa brotþolum og virða reynslu þeirra. Við þurfum að afla okkur þekkingar á ofbeldi og afleiðingum þess og við þurfum að tala um þá sem bera ábyrgð á ofbeldinu en ekki láta sem um óviðráðanlegar náttúruhamfarir sé að ræða.

Að breyta menningu er ekki einfalt en til að byrja með er mikilvægt að átta sig á því hvaða þekkingu mann skortir.

Hefur þú spurt sjálfa/t/an þig:

1. Hvað veit ég um kynferðisofbeldi?
2. Hvað veit ég um afleiðingar kynferðisofbeldis?
3. Hvernig bregst ég við þegar ég kemst að því að einhver sem ég þekki er gerandi?

Þegar þú hefur ákveðið að leggja því lið að breyta menningunni eru þetta góð fyrstu skref:

1. Leitaðu sjálf(t/ur) stuðnings hjá einhverjum sem þú treystir.
2. Hafðu samband við fagaðila ef þú ert með spurningar sem þú átt erfitt með.
3. Nálgastu kynferðisofbeldi og kynbundið ofbeldi sem hluta af heildarmynd:
 - a. Sem eina af alvarlegustu birtingarmyndum kynjamisréttis
 - b. Sem hluta af nauðgunarmenningu og gerendameðvirkni
 - c. Afrakstur kynjakerfisins, nánar tiltekið feðraveldisins
 - d. Margþætt mismunur byggð á kyni, kynhneigð, aldri og uppruna
 - e. Tengsl skaðlegra karlmennskuhugmynda og kynferðisofbeldis
4. Hlustaðu og ekki fara í vörn og talaðu ekki um kynhlutleysi og ekki nota klisjuna „ekki allir karlar“
5. Að vera meðvituð/að/ur um og ræða tengsl hugmynda um kynin og kynferðisofbeldi
6. Skoða á gagnrýninn máta þínar hugmyndir um kynlíf, mörk, samþykki, klám og vændi.

Að gera ofbeldismenn ábyrga

Hvernig getum við skapað brotapolavæna ábyrgðamenningu? Menningu þar sem er ekki bara gerð krafa að ofbeldismenn taki ábyrgð, heldur er þeim gert það kleift og ef viljinn er fyrir hendi fá þeir stuðning til þess. Það er hægt að styðja ofbeldismann sem þér þykir vænt um án þess að styðja ofbeldisverkin, en væntumþykjan verður að felast í því að aðstoða hann við að axla ábyrgð á ofbeldinu.

Það eru til úrræði þar sem sérfræðingar aðstoða ofbeldismenn og eins geta aðstandendur ofbeldismanna leitað aðstoðar hjá fagfólki sem vinna með brotapolum og ofbeldismönnum.

Að styðja ofbeldismann til að axla ábyrgð felur í sér að:

- Afhjúpa ofbeldið sem gerandinn hefur beitt:
 - Aðgreina ofbeldi sem hann beitir frá sínu gildi sem einstaklingur
- Skoða hvaðan ofbeldið kemur, t.d. frá eigin sársauka, skaða, valdaleysi eða vanmætti
- Fá hann til að skilja að ofbeldi er hættulegt, vinnur gegn honum og er gagnlaus/skammsýn leið til að uppfylla hans þarfir
- Sýna honum stuðning við að vinna í þessu ferli Gefa honum tækifæri til að skoða hvernig samfélagið/ kynjakerfið hefur mótað hann og hans hugmyndir um karlmennsku, sem eru samofinn valdamismunur í tengslum við
 - t.d. kyn, stétt, litarhátt, uppruna og kynhneigð
- Fá hann til að skilja að ofbeldi er lærd hegðun en ekki nauðsynleg
- Skilja að það er hægt að breyta hegðun
- Ávarpa þann hluta í honum sem vill ekki beita ofbeldi
- Hjálpa honum að viðurkenna að hann eigi við vandamál að stríða
- Hjálpa honum að leita sér hjálpar fagfólks

Þegar gerandi vill ekki taka ábyrgð

Það er aldrei auðvelt að viðurkenna að hafa valdið einhverjum skaða, og það getur verið sérstaklega erfitt að fá suma ofbeldismenn til að taka við slíkum ásökunum og viðurkenna ofbeldið. Sumir bregðast við með undrun og afneitun áður en þeir sýna við-eigandi viðbrögð en aðrir gætu reynt að halda áfram að beita stjórnun og varnaraðferðum. Þá eru frekar algeng viðbrögð ofbeldismanna að afneita eða gera lítið úr atvikinu, jafnvel að varpa ábyrgðinni á brotapolann og skilgreina sjálfa sig sem fórnarlömb. Þeir sem eru í aðstöðu til þess hafa á stundum notað sína félagslegu stöðu eða persónutöfra til að komast hjá því að axla ábyrgð. Sumir þekkja hugtök eins og ábyrgð, samþykki og mörk og nýta sér þau innihalds-laust án þess að viðurkenna raunverulega ábyrgð á ofbeldinu en svo eru það þeir sem eru raunverulega tilbúnir til að axla ábyrgð og jafnvel biðja um hjálp.

Höfum í huga að ábyrgð gerenda er ekki auðvelt eða stutt ferli, jafnvel eftir að allt virðist komið í gang og í góðan farveg. Það þarf ævilanga skuldbindingu til að breyta hegðun sem er orðin rótgróin; það krefst stöðugrar áreynslu og stuðnings.

- Hafið þið lent í þeim aðstæðum að þekkja einhvern sem hefur beitt ofbeldi?
- Hvernig leið ykkur í þeim aðstæðum?
- Voru einhver skref tekin til að kalla viðkomandi til ábyrgðar? Ef svo er hvað fól það í sér?
- Hvað hefði hjálpað ykkur að takast á við þessar aðstæður?

Að axla ábyrgð á eigin ofbeldi

Það er ekki auðvelt að horfast í augu við að hafa beitt aðra manneskju ofbeldi og fyrstu viðbrögð eru gjarnan afneitun, að gera lítið úr ofbeldinu, gera aðra ábyrga (jafnvel brotapolann) eða finna sökina í uppeldi eða öðrum aðstæðum. Það getur tekið langan tíma að gera sér grein fyrir ofbeldinu og enn lengri tíma að leita sér aðstoðar. Það er hins vegar hægt að fá hjálp og sú hjálp getur bætt líf þitt og þeirra í kringum þig.

Ef einhver hefur sakað þig um að beita ofbeldi er mikilvægast að hlusta, helst án þess að fara í vörn, tortryggja eða koma með afsakanir. Það þarf að virða brotapolana og sjálfræði hans, ekki gera lítið úr upplifuninni og ekki setja sjálfa þig í miðju sögunnar heldur virða upplifun þess sem hefur orðið fyrir ofbeldinu. Reyndu að vera eins heiðarleg/ur/t eins og þér framast er unnt, ekki fela þig á bak við vini, uppeldi eða annað sem gæti haft áhrif á gjörðir þínar. Þú berð ábyrgð á því ofbeldi sem þú beitir, ekki aðrir og alls ekki brotapolinn.

Það þarf kjark til að yfirstíga óttann og axla ábyrgð án þess að reyna að afneita umfang skaðans eða þagga þolendur. Ef þú hefur beitt ofbeldi geturðu ekki búist við né krafist þess að þér verði fyrirgefið, það skynsamasta sem þú getur gert er að bregðast við óskum brotapola og vera tilbúinn til að taka samfélagslegum afleiðingum gjörða þinna. Mikilvægast er hins vegar að taka ábyrgð með því að koma í veg fyrir ofbeldi!

Ef þú hefur beitt ofbeldi er mikilvægt að hafa eftirfarandi í huga

- Það er hægt að breytast og þú hefur valkosti
- Það er hægt að fá hjálp til að skoða aðra valkosti og leiðir
- Það er hægt að læra aðrar leiðir til að takast á við reiði
- Það er hægt að læra að tjá aðrar tilfinningar, eins og sársauka, sorg, gremju og pirring
- Það er hægt að læra að takast á við þarfir þínar og að leysa átök án þess að beita ofbeldi, hótunum og þvingunum
- Það er hægt að fá aðstoð við að skilja hvernig kynjuð viðmið og ranghugmyndir hafa mótað þig
- Það er hægt að fá aðstoð við að öðlast dýpri skilning á eigin uppvexti og fjölskyldusögu
- Það er hægt að fá aðstoð við að takast á við önnur mál eins og áfengis og vímuefna notkun, heilsukvilla o.s.frv.
- Að taka ábyrgð þýðir að nýta þá aðstoð sem er verið að bjóða

Heimildir:

- Bancroft, L. (2002). *Why Does He Do That? Inside the Minds of Angry and Controlling Men*. New York: Berkley Books.
- Cockles, W. (2002). Taking The First Step: Suggestions To People Called Out For Abusive Behavior. <https://transformharm.org/taking-the-first-step-suggestions-to-people-called-out-for-abusive-behavior/>
- Philly's Pissed (2009). What to Do When Someone Tells you that you violated their boundaries, made them feel uncomfortable, or committed assault. <http://www.phillyspissed.net/node/36>
- Thom, K.C. (2015). 6 Ways to Confront Your Friend Who's Abusing Their Partner. <https://everydayfeminism.com/2015/09/confront-friend-abusing-partner/>
- Thom, K.C. (2016). 9 Ways To Be Accountable When You've Been Abusive. https://transformharm.org/ca_resource/9-ways-to-be-accountable-when-youve-been-abusive/
- Utt, J. (2014). Stop Thinking Like a Perpetrator: 4 Ways to Better Support Survivors of Sexual Violence. <https://everydayfeminism.com/2014/09/stop-thinking-like-a-perpetrator/>

RANNSÓKNIR OG LESEFNI UM OFBELDISMENN

Hér má finna dæmi um rannsóknir, lesefni og heimasíður sem koma inná umræðuna um kynbundið ofbeldi, forvarnir og ofbeldismenn.

Rannsóknir og bækur:

Bancroft, L. (2002). *Why Does He Do That? Inside the Minds of Angry and Controlling Men*. New York: Berkley Books.

Berggren, K., & Gottzén, L. (2023). "It's Not Just Dad Who's Got Problems": Feminist Phenomenology and Young Men's Violence Against Women. *Men and Masculinities*, 26(3), 453-471.

Chen, C. et al. (Eds.). (2016). *The Revolution Starts at Home: Confronting Intimate Violence Within Activist Communities*. Chico: AK Press.

Flood, M., Brown, C., Dembele, L., and Mills, K. (2022). *Who uses domestic, family, and sexual violence, how, and why? The State of Knowledge Report on Violence Perpetration*. Brisbane: Queensland University of Technology.

Flood, Michael. (2018). *Engaging Men and Boys in Violence Prevention*. Chicago: Palgrave Macmillan.

Gottzén, L. (2019). *Chafing masculinity: Heterosexual violence and young men's shame*. *Feminism and Psychology*, 29(2), 286-302.

Gottzén, L. Bjørnholt, M., & Boonzaier, F. (Eds.). (2020). *Men, Masculinities and Intimate Partner Violence (1st ed.)*. Routledge.

Hales, S. T., & Gannon, T. A. (2022). *Understanding Sexual Aggression in UK Male University Students: An Empirical Assessment of Prevalence and Psychological Risk Factors*. *Sexual Abuse*, 34(6).

Heilman, B. & G. Barker (2018). *Masculine Norms and Violence: Making the Connections*. Washington, DC: Equimundo-US.

Katrín Ólafsdóttir og Jón Ingvar Kjaran (2019). „Boys in Power“: Consent and Gendered Power Dynamics in Sex. *Boyhood Studies*, 12(1), 38-56.

Katrín Ólafsdóttir og Hearn, J. (2023). 'How Did This Happen?': Making Retrospective, Present and Prospective Sense of Intimate Relationships Where Men Have Been Violent. *Feminist Encounters: A Journal of Critical Studies in Culture and Politics*, 7(1), 13.

Kelly, L. and Westmarland, N. (2015). *Domestic Violence Perpetrator Programmes: Steps Towards Change. Project Mirabal Final Report*. London and Durham: London Metropolitan University and Durham University.

Pease, B. (2019). *Facing Patriarchy: From a Violent Gender Order to a Culture of Peace*. University Of Tasmania.

Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir & Jón Ingvar Kjaran (2023). *Discourses on fathers who use intimate partner violence: an example from Icelandic mass media*, *NORMA*, 18:3, 207-223.

Spencer, C.M., et al. (2022). *Risk Markers for Male Perpetration of Sexual Assault on College Campuses: A Meta-Analysis*. *Trauma, violence & abuse*. 24.

Heimasíður:

Sjúkást: <https://sjukast.is/>

Bandamenn: <https://bandamenn.is/>

OFSi - Ofbeldisforvarnaskólinn: <https://ofbeldisforvarnir.is/>

Karlmennskan: <https://www.karlmennskan.is/>
Réttu orðin - klámspjall: <https://stigamot.is/klamspjall/>

Hidden Water Circles: <https://hiddenwatercircle.org/purple>

Work with perpetrators - the European Network for the Work with Perpetrators of Domestic Violence: <https://www.work-with-perpetrators.eu/>

Transform Harm - A resource hub for ending violence: <https://transformharm.org/>


XY - Men, masculinities and gender politics: <https://xyonline.net/>

Equimundo: Center for Masculinities and Social Justice: <https://www.equimundo.org/our-work-prevention-of-violence/>

Locker Room Talk - Preventing gender-based violence: <https://lockerroomtalk.se/>

MÄN - gender equality, combating men's violence and redefining masculinity: <https://mfj.se/>

Ofbeldismenn á Íslandi:
ofbeldismenn.is





📍 Höfðabakki 9, 110 Reykjavík 📞 562 68 68 📠 800 68 68 ✉️ stigamot@stigamot.is 🌐 www.stigamot.is